

Nd.

4ff. Frumvörp

til laga um kaup og rekstur strandferðaskips.

(Eftir 2. umr. i Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórnin kaupir eða lætur byggja 4–5 hundruð smálesta gufuskip til strandferða og eigi síðar en svo, að rekstur þess geti byrjað 1. maí 1928. Kostnaður við kaup eða byggingu og rekstur skipsins greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Skipið skal útbúið 70–80 teningsmetra kælirúmi og hafa að minsta kosti 40 sjómilna vökuhraða. Farþegarúm sje ætlað 40–50 manns, aðallega á 2. og 3. farrými. Að öðru leyti skal skipið lagað til siglinga á vandgæfari og minni hafnir, sem aðalpóstskipið miður getur annast.

3. gr.

Heimilt er stjórninni að taka það lán til byggingar skipsins, er þörf kann að verða á.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 53 1913.